

Orkuveita Húsavíkur ohf.
STARFSREGLUR STJÓRNAR

1. gr.

Skipan stjórnar, formaður, varaformaður og ritun firma

- 1.1. Félagsstjórn skal strax að loknum aðalfundi koma saman til fundar þar sem kosinn skal formaður stjórnar og varaformaður.
- 1.2. Fundi skv. grein 1.1. skal stjórnað af fyrrverandi stjórnarformanni sitji hann áfram í stjórn félagsins, annars af aldursforseta félagsstjórnar.
- 1.3. Formaður og varaformaður skulu kosnir með einföldum meirihluta. Falli atkvæði jöfn ræður hlutkesti.
- 1.4. Formaður félagsstjórnar og framkvæmdastjóri, ef um hann er að ræða, koma fram út á við fyrir hönd félagsins nema félagsstjórn ákveði annað.
- 1.5. Geti formaður stjórnar ekki sinnt starfsskyldum sínum sökum forfalla skal varaformaður gegna störfum hans.
- 1.6. Meirihluti stjórnar ritar firma félagsins.
- 1.7. Félagsstjórn veitir prókúruumboð fyrir félagsins hönd.

2. gr.

Boðun funda og ályktunarhæfi

- 2.1. Stjórnarfundir skulu haldnir svo oft sem þörf krefur og að jafnaði eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Formaður kveður til stjórnarfunda og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir og varamaður í þeirra stað. Heimilt er að halda stjórnarfundum með þátttöku stjórnarmanna í síma enda staðfesti stjórnarmenn fundargerð þess stjórnarfundar síðar.
- 2.2. Stjórnarfundum skal jafnan halda ef einhvern stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri óskar þess.
- 2.3. Framkvæmdastjóri, ef um hann er að ræða, á sæti á fundum félagsstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilfellum. Aðrir starfsmenn félagsins skulu sitja stjórnarfundum eftir þörfum og samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjóra og stjórnarformanns hverju sinni.
- 2.4. Til stjórnarfunda skal að jafnaði boða rafrænt (með tölvupósti) eða skriflega með tveggja sólarhringa fyrirvara. Boða má fund með skemmri fyrirvara þegar sérstakar aðstæður gera það nauðsynlegt. Heimilt er að boða til símafundar um

- einstök málefni sem nauðsyn ber til að hljóti umfjöllun strax. Síkur fundur er lögmaður ef meirihluti stjórnarmanna er þátttakandi á fundinum.
- 2.5. Í fundarboði skal greina dagskrá. Fundarboði skulu eftir því sem við á fylgja skrifleg gögn og upplýsingar um einstaka dagskrárlíði. Ekki er nauðsynlegt að senda stjórnarmönnum fyrirfram gögn er leggja á fram á fundinum og eingöngu tilheyrta venjubundinni upplýsingagjöf um starfsemi félagsins.
 - 2.6. Félagsstjórn er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund enda hafi fundurinn verið löglega boðaður. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn eða varamaður hafi tök á að fjalla um málið.
 - 2.7. Ef stjórnarmaður forfallast skal varamanni gefinn kostur á að sitja stjórnarfundum í hans stað með sömu réttindum og skyldum og aðalmaður, meðan forföllin vara.
 - 2.8. Formaður stjórnar fundum félagsstjórnar.
 - 2.9. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

3. gr. **Fundargerðarbók**

- 3.1. Formaður skal sjá til þess að haldin sé gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum. Fela má tilteknum starfsmanni félagsins eða öðrum að annast fundarritun stjórnarfundum og vörslu fundargagna.
- 3.2. Í fundargerðarbók skal skrá eftirfarandi:
 - Á hvaða stað og tíma stjórnarfundur er haldinn
 - Hverjir taka þátt í fundinum og hver er fundarstjóri.
 - Dagskrá fundarins.
 - Stutt skýrsla um umræður á fundinum og hvaða ákvarðanir eru teknar.
 - Hvenær og hvar næsti stjórnarfundur verði haldinn.
 - Hver ritað hafi fundargerðina.
- 3.3. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem ekki eru sammála ákvörðun stjórnar, eiga rétt á að fá sérálit sitt stuttlega skráð í gerðarbók.
- 3.4. Fundargerð skal undirrituð af þeim stjórnarmönnum og varamanni er fund sitja sem og framkvæmdastjóra og fundarritara. Fundargerðin skal undirrituð af stjórnarmönnum í upphafi næsta stjórnarfundar á eftir. Stjórnarmenn sem ekki voru viðstaddir þann stjórnarfund sem fundargerðin tekur til skulu jafnframt með áritun staðfesta það að þeir hafi kynnt sér fundargerðina.

4. gr. **Þagnar- og trúnaðarskylda**

- 4.1. Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni félagsins, hag viðskiptavina þess svo og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum félagsins, lögum eða eðli máls, nema um sé að ræða málefni sem stjórnin ákveður að gera opinber eða slíkt leiðir af ákvæðum laga um opinber hlutafélög eða samþykktum félagsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot gegn framangreindri þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt ákvæðum opinberra hlutafélagalaga og/ eða almennra hegningarlaga og skaðabótaskyldu samkvæmt almennum skaðabótareglum.
- 4.2. Stjórnarmaður skal varðveita öll gögn sem hann hefur fengið afhent, sem stjórnarmaður, með tryggilegum hætti. Stjórnarmaður skal þegar hann lætur af störfum í stjórn félagsins afhenda félaginu öll þau gögn sem hann hefur undir höndum og teljast trúnaðargögn félagsins.
- 4.3. Stjórn og framkvæmdastjóri mega ekki framfylgja ákvörðun hluthafafundar eða annarra stjórnaraðila ef ákvarðanir eru ógildar vegna þess að þær brjóta í bága við lög eða samþykktir félagsins.

5. gr. **Vanhæfi**

- 5.1. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð og afgreiðslu máls um samningsgerð milli félagsins og þeirra, um málshöfðun gegn þeim eða um samningsgerð milli félagsins og þriðja aðila eða málshöfðun gegn þriðja aðila ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Skylt er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra, ef um hann er að ræða, að upplýsa um slík atvik. Sama á við um samskipti sömu aðila við dótturfélög og félög í meirihlutaeigu Orkuveitu Húsavíkur ohf.
- 5.2. Leggja skal fyrir stjórnina til samþykkis eða synjunar alla samninga sem stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri kunna að gera við félagið og samninga milli félagsins og þriðja manns ef stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hafa verulega hagsmuni af slíkum samningum og þeir hagsmunir kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

6. gr.

Ráðning framkvæmdastjóra

- 6.1. Félagsstjórn ræður framkvæmdastjóra og veitir honum lausn. Stjórnin gerir við framkvæmdastjóra skriflegan ráðningarsamning. Ef ekki er starfandi framkvæmdastjóri hjá félaginu þá skal stjórnarformaður sinna skyldum hans.

7. gr.

Starfsskyldur stjórnar og framkvæmdastjóra

- 7.1. Félagsstjórn og framkvæmdastjóri fara með stjórn félagsins.
- 7.2. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu ávallt hafa hag félagsins að leiðarljósi. Þeir skulu þekkja samþykktir þess hverju sinni og helstu atriði laga um opinber hlutafélög. Þeir skulu sjá til þess að félagið starfi að lögum og uppfylli lögboðna upplýsingaskyldu. Þá skulu þeir leitast við að tryggja að ekki sé brotinn réttur á eiganda félagsins, lánardrottnum, viðskiptamönnum og launþegum þess.
- 7.3. Félagsstjórnin skal setja félaginu markmið í samræmi við tilgang þess og hún skal enn fremur marka þá meginstefnu sem farin skal til að ná settu markmiði.
- 7.4. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin hefur gefið.
- 7.5. Félagsstjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Félagsstjórn getur veitt framkvæmdastjóra heimild til slíkra ráðstafana. Eins getur framkvæmdastjóri gert slíkar ráðstafanir í samráði við stjórnarformann, ef ekki er unnt að biða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Slíkar ákvarðanir skulu kynntar á næsta stjórnarfundi.
- 7.6. Félagsstjórn skal í samráði við framkvæmdastjóra annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi, t.d. hvað varðar reikningsskil, innra eftirlit og fjárhagsáætlanir.
- 7.7. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til félagsins, segir þeim upp og ákveður launakjör þeirra.
- 7.8. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.
- 7.9. Framkvæmdastjóri kemur fram fyrir hönd félagsins í málum sem eru innan verksviða hans.

8. gr.

Eftirlitsskyldur stjórnar og framkvæmdastjóra

- 8.1. Félagsstjórn skal í samráði við endurskoðendur félagsins annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins og dótturfélaga þess. Stjórninni er skylt að athuga bráðabirgðauppgjör félagsins og meta áætlanir félagsins og hugsanlega frávik frá þeim. Stjórninni er skylt að tryggja að nauðsynlegur grundvöllur sé fyrir endurskoðun á bókhaldi og reikningum félagsins.
- 8.2. Framkvæmdastjóri skal á hverjum stjórnarfundum greina félagsstjórn frá starfsemi félagsins frá síðasta stjórnarfundum. Stjórnin getur á stjórnarfundum óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum sem stjórninni eru nauðsynleg til að hún geti sinnt verkefnum sínum.
- 8.3. Félagsstjórn skal hafa eftirlit með því að félagið, eftir því sem starfsemi þess gefur tilefni til, hafi nægilegar skaða- og ábyrgðartryggingar.

9. gr.

Endurskoðun og ársreikningur

- 9.1. Félagsstjórn er skylt að tryggja að nauðsynlegur grundvöllur sé fyrir endurskoðun á bókhaldi og reikningum félagsins.
- 9.2. Félagsstjórn og framkvæmdastjóri skulu veita endurskoðendum þær upplýsingar, gögn, aðstöðu og aðstoð sem þeir telja nauðsynlega vegna starfa sinna.
- 9.3. Framkvæmdastjóri félagsins skal á hverju reikningsári, í samstarfi við stjórn félagsins, semja drög að ársreikningi og skýrslu stjórnar. Framangreindir reikningar og skýrsla skulu vera í samræmi við lög um ársreikninga, sbr. nú lög nr. 3/2006.
- 9.4. Drög að ársreikningi skulu afhent endurskoðanda félagsins til endurskoðunar eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.
- 9.5. Telji stjórn félagsins, eftir að hafa kynnt sér drög að ársreikningum og aðrar upplýsingar um gögn, að fyrirliggjandi drög gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á reikningsárinu og efnahag í lok þess skal félagsstjórn ásamt framkvæmdastjóra undirrita ársreikninginn eða hann hefur mótbárur fram að færa, sem hann telur rétt að félagsaðilar fái vitneskju um, skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni. Um áritun endurskoðanda fer samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga hverju sinni.

- 9.6. Ársreikningur með undirritun félagsstjórnar og framkvæmdastjóra og áritun endurskoðanda skal lagður fyrir aðalfund í samræmi við samþykktir félagsins.
- 9.7. Endurskoðaður ársreikningur skal birtur í samræmi við lög um ársreikninga og önnur þau lagafyrirmæli og reglur sem um slíka birtingu gilda.
- 9.8. Endurskoðanda félagsins er heimilt að sjta stjórnarfundir þegar fjallað er um reikningsskil félagsins og láta þar í ljós skoðun sína á því hvort reikningsskil félagsins og árshlutaskýrsla innihalda nauðsynlegar upplýsingar við mat á fjárhagsstöðu félagsins.

10. gr.

Um starfsreglur félagsstjórnar

- 10.1. Starfsreglur þessar eru settar á grundvelli samþykka félagsins, sbr. og 5.mgr. 70.gr.laga nr.2/1995 um hlutafélög.
- 10.2. Allir stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu fá eintak af starfsreglum þessum sér til upplýsingar um starfshætti stjórnar og ábyrgð.
- 10.3. Til breytinga á starfsreglum þessum þarf samþykki einfalds meirihluta félagsstjórnar.

Þannig samþykkt á fundi 2. janúar 2012

Í stjórn Orkuveitu Húsavíkur ohf.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.